

Trúlegt er að „vantrúarmenn“ fari friðlegar eftir þessa áminningu höf. og láti hann í friði og hans fólk og gjörast ekki of ágjarnir. Það er nokkuð kynleg „missíóns“-aðferð og drýgindi, að telja alla trúarandstæðinga sína til betlara, sem biðja að gefa sér og fljúgast á um að þkomast inn í kyrkjuna, þegar allir vita að það gagnstæða hefir átt sér stað. Hafi nokkrir Vestur-Íslendingar verið snikjandi, gengið nurlandi og krijandi byggð úr byggð, þá hafa það verið kyrkjunnar menn, en ekki hinir.

Það er hæpið að samlíkingin sé heppileg frá lútersku sjónarmiði, að það verði til þess að fjölga að stórum mun þeim, sem láta sér skipast við þannig lagaðan lestur. Og ótrúlegt er að menn taki öðru eins gorti og þessu með auðmýkt og undirgefni og þakki fyrir nafnbæturnar.

Lútersku gullin Vestur-Íslenzku eru hvorki svo mikil eða dýrmæt, að um þau sé vert að togast, og sá sem eignast þau verður að engu ríkari. Meðan það kostar bæði að ganga á bak skynsemi og þekkingar til þess að verða aðnjótandi þessara andlegu gæða, þá virðast fremur litlar gjafirnar. Það er fullu og dýru verði keypt.

Þá er fyrirlesturinn „Helgi magri“ eftir séra Jón, er, eins og að framan er sagt, kemur víða við.

Ef fyrirlestur þessi er borinn saman við þá aðra, er út hafa komið eftir sama höfund, og tillit tekið til þeirra sérstöku sköðana, er höfundurinn hefir á ýmsum málum, þá mun það verða flestra álit, að hann sé með þeim síztu bæði að orði og frágangi er eftir hann liggja. Það eru á honum e l l i m e r k i. Höfundurinn hefir til þessa haft það að sið, að innleiða málefni þau, er hann ritar um, með gömlum íslenzkum sögnum úr þjóðsögunum eða Íslendingasögunum fornu. og hefir það oft tekist mæta vel. Aðferð þessi hefir þann stóra kost að gera alla meðhöndlun málsins ljósa og þjóðlega. Öll aðal-dæmin tekin úr sögu og lífsreynslu þjóðarinnar og heimfærð upp á hennar eigið ástand, er ólíkt skynsamlegra og smekklegra en löngu tilvitnananirnar, er tíðkast hjá mörgum enn til hebrea og biblíu sagna, sem eiga ekkert sameiginlegt við norrænt líf eða hugsunarhátt.